

Fundargerð stjórnar Foreldrafélags Kærabæjar Kirkjubæjarklaustri

4. fundur Foreldrafélags Kærabæjar haldinn 18. 11. 2020 kl. 20.30 að Skaftárvöllum 5.

Mættir eru: Sólveig Ólafsdóttir (formaður), Bjarni Bjarnason (gjaldkeri), María Björg Þorsteinsdóttir (ritari).

Formaður setur fund og María Björg ritar fundargerð

Dagskrá fundar:

1. *Skráningar í foreldrafélagið*

Skráningar í foreldrafélagið ganga vel en aðeins eru örfáir foreldrar sem ekki hafa skráð sig í félagið. Solla og María taka að sér að heyra í þeim sem ekki hafa skráð sig í félagið og hvetja þá til skráningar.

2. *Jólagjafir*

Foreldrafélaginu bárust tveir verðlistar vegna jólagjafa. Annar var tilboð á bókunum Jói Kassi/Leppur og hinn frá Gullskógum ehf. Ákveðið var að versla jólagjafirnar að þeim síðarnefnduð þessu sinni og breyta til þar sem börnin fengu bækur að gjöf í fyrra. Samþykkt var að kaupa vasaljós fyrir börnin á eldri deildinni og bangsa fyrir yngrideildina.

3. *Netfang og síða foreldrafélagsins á Facebook*

Solla ætlar að taka til í netföngunum, taka út þá sem eru hættir og gera hópa fyrir hvora deild sem og allan foreldrahópinn í heild.

Á sínum tíma stofnaði Linda Ösp Gunnarsdóttir facebooksíðu foreldrafélagsins en ákveðið var í fyrra í samráði við Lindu að sú síða yrði notuð áfram og að stjórnin fengi aðgang að síðunni. Solla hefur fengið aðganga sem admin og mun bæta Bjarna og Maríu við sem stjórnendum síðunnar. Stefnt að því að reyna virka síðuna og nota hana til að koma upplýsingum til foreldra.

4. *Önnur mál:*

Athuga þarf með skráningu stjórnar hjá RSK þar sem mannaskipti hafa verið í stjórn félagsins. Solla tekur að sér að athuga málið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:30